

Atlantic Leather ehf.
Hlynur Ársælsson
Borgarmýri 5
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 3. mars 2020
UST201901-227/gf
08.09.02

Varðar umsýsluskýrsla vegna eftirlits með mengandi fyrirtækjum – sítunarverksmiðja Atlantic Leather ehf. á Sauðárkróki


Unnin hefur verið umsýsluskýrsla vegna lögbundins hlutverks Umhverfisstofnunar að hafa eftirlit með mengandi fyrirtækjum. Til skoðunar var frágangur rekstraraðila, Atlantic Leather ehf., sem tekinn hafði verið til gjaldþrotaskipta. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi umsýsluskýrsla.

Eitt frávik frá 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunareftirlit kom fram í skoðuninni. Frávikið varðar að hafa tiltæka áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða varanlegrar lokunar sítunarverksmiðjunnar.

1. Óskað hefur verið eftir því að skiptastjóri og/eða nýr rekstraraðili sítunarverksmiðjunnar leggi fram slíka áætlun. Enn hefur áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar / varanlegrar lokunar ekki borist.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindu atriði í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 20. mars 2020.

Virðingarfyllst,


Gottskálk Friðgeirsson


Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands vestra

EFTIRLITSSKÝRSLA

Atlantic Leather Sauðárkrókur



Dags eftirlits	30.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	Atlantic Leather	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Borgarmýri 5	Tegund eftirlits	Annað
Kennitala	5801952069	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Ólafsson	ÍSAT nr.	15.11.0
Fulltrúi fyrirtækis	Hlynur Ársælsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Gerð er umsýsluskýrsla eftirlits þar sem ekki var farið í vettvangsheimsókn árið 2019.

Starfsleyfi verksmiðjunar hefur verið fært á nýja kennitölu 580195-2069 í kjölfar gjaldprotaskipta félagsins. Starfsemin lá niðri um tíma á árinu en nýr rekstraraðili hyggst halda starfseminni áfram.

Eitt frávík er útstandandi. Óskað hefur verið eftir því við skiptastjóra þrotabús Atlantic Leather ehf. og núverandi rekstraraðila sútunarverksmiðjunnar að áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar verði útbúin og send Umhverfisstofnun til yfirlstrar í samræmi við 15. gr. reglugerðar nr 550/2018 um lokun svæðis.

Í síðasta eftirliti (2018) var rekstraraðila bent á BAT (best available techniques) niðurstöður fyrir sútunarverksmiðjur lægju fyrir og settu kröfur á fyrirtæki sem starfrækt eru á evrópska efnahagssvæðinu. BAT kröfurnar eru innleiddar með ákvörðun Evrópuráðsins nr. 2013/84/EU dagsett 11. febrúar 2013. Bent er á að BAT kröfurnar gilda fyrir sútunarverksmiðjur með umfang stærra en 12 tonn af fullunninni vöru á dag.

Eins var rekstraraðila bent á að senda Umhverfisstofnun teikningar af fráveitulögnum í lóðinni Borgarmýri 5 og af þeim hreinsivirkjum sem hugsanlega væru í fráveitunni. Enn hafa þessar teikningar ekki borist.

Stofnunin fór einnig fram á að fá send afrit af öryggisblöðum vegna þeirra hættulegu efna sem notuð eru í framleiðslunni.

UMFANG EFTIRLITS

Í október sl. bárust þær fréttir að fyrirtækið hafi verið tekið til gjaldprotaskipta og að enginn rekstur væri í húsinu. Haft var samband við skipaðan skiptastjóra þrotabúsins, Stefán Ólafsson, og staðfesti hann þetta og sendi stofnuninni úrskurð um gjaldprotaskipti frá Héraðsdómi Norðurlands vestra dagsettan 23. október 2019, mál nr. G-115/2019.

Nokkur samskipti voru við skiptastjóra og voru fulltrúar þrotabúsins beðnir um að leggja fram áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eða lokunar fyrirtækisins. Áætlunin skyldi taka á því hvernig frágangi umhverfismála skuli háttað við rekstrarstöðvun, þ.e. meðferð hættulegra efna, spilliefna og hreinsivirkja sem hreinsa útrásir frá aðstöðunni, bæði til lofts og vatns.

Eftir að nýr rekstraraðili kom að sútunarverksmiðjunni hefur kröfu um að áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar berist stofnuninni verið haldi til streitu. Litið er á það sem frávík að enn hafi áætlunin ekki borist.

Frávík frá

Lýsing á frávíki

57. gr. reglugerðar nr 550/2018 um losun frá iðnaði og mengunarvarnaeftirlit.

Fulltrúa rekstraraðila hafa ítrekað verið beðnir um að leggja fram áætlun um frágang vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar. Skal hún taka á umhverfismálum sútunarverksmiðjunnar og hvernig frágangi hættulegra efna, spilliefna og hreinsivirkja í útrásum frá rekstrinum, s.s. pokasíur í útblæstri og hreinsivirki í frárennsli. Eins hvernig fara má frá húsnæðinu um skemmri eða lengri tíma án þess að lífi sé stefnt í hættu og umhverfið hljóti ekki skaða af.

ÁBENDINGAR


Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun teikningar af fráveitulögnum í lóðinni Borgarmýri 5 og af þeim hreinsivirkjum sem hugsanlega eru fráveitunni.

Rekstraraðila er bent á að senda afrit af öryggisblöðum vegna þeirra hættulegu efna sem notuð eru í framleiðslunni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 03.03.2020



Gottskálk Friðgeirsson